

Stjórnarfundur Leiknar 10. jan., kl. 12-13.30 í Kvosinni, Reykjavík.

Mættir: Hildur Betty Kristjánsdóttir frá Símei, Eyrún Valsdóttir frá Félagsmálaskóla alþýðu, Smári Haraldsson frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Anna Lóa Ólafsdóttir frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Iðunn Antonsdóttir frá Námsflokkum Reykjavíkur, Guðrún Lárusdóttir frá Endurmenntun Landbúnaðarháskólans og Hulda A. Arnljótsdóttir frá Fræðslusetrinu Starfsmennt.

Dagskrá:

1. Norrænn samstarfsfundur Nordic Baltic

Aðalefni þessa hádegisfundar var að undirbúa Nordic Baltic fund sem fyrirhugað er að halda 3-4. apríl nk. Skoðaðar voru eldri dagskrár og farið yfir hvernig fundirnir hafa verið skipulagðir hingað til. Algengast er að funda í tvo daga þar sem fyrri dagurinn fer í upplýsinga- og samráðsfund þáttökulandanna en seinni daginn er farið í vettvangsheimsókn og hlustað á fræðsluerindi. Þann dag funda einnig norrænu löndin oft sér.

Stjórnarmenn ræddu þetta fyrirkomulag og ákveðið var að skoða betur hvort fyrri dagurinn væri heppilegri til að hrista hópinn saman og fara í vettvangsferð og nota þá seinni daginn til að fara yfir skýrslur og stöðu þáttökulandanna og ræða það sem efst er á baugi í hverju landi og sameiginleg hagsmunamál. Tekin verður afstaða til þess síðar en ákveðið að stefna að eftirfarandi skipulagi.

Fyrstu drög að dagskrá voru teiknuð upp svona:

2. apríl 2014: Komudagur gesta.

3. apríl 2014: Vettvangsferð á Suðurland. Áætlað að heimsækja Helligheiðarvirkjun, Fræðslunet Suðurlands, Litla- Hraun til að kynna námsframboði fanga og hafa sameiginlega kvöldverð þennan dag. Iðunn tók að sér að hafa samband við forstöðumann Litla- Hrauns, Betty að hafa samband við Fræðslunet Suðurlands og ákveða síðan framhaldið á netinu. Fundarmönnum þótti heppilegt að hrista hópinn saman fyrri daginn og funda síðari daginn.

4. apríl 2014: Fundardagur hálfan daginn sem fylgja hefðbundinni dagskrá. Skoðað var hvernig fyrri fundir erlendis hafa verið settir upp og tók Betty að sér að búa til íslensku dagskrána.

Verkaskipting fyrir þennan norræna fund var á þann veg að formaður ætlaði að semja kynningarbréf til þátttakenda og hafa umsjón með að þeir fengju upplýsingabréf um hagnýt atriði eins og komu til Íslands, gistingu ofl., í tæka tíð. Gjaldkeri ætlaði að kanna verð á gistingu helst miðsvæðis og helst á sama stað og fundaraðstaða væri leigð. Einnig var kostnaðarhlið rædd og hvaða hefðir giltu um það í norrænu samstarfi. Ísland mun skila skýrslu (munnlega eða skriflega) um áherslur í fullorðinsfræðslu síðasta starfsár á þessum norræna fundi og ræddu fundarmenn því hvað ætti þar að bera hæst.

2. Aðalfundur framundan

Ræddar voru dagsetningar fyrir næsta aðalfund sem oftast er haldinn í apríl eða maí. Hingað til hefur Leikn verið í samfloti við Kvasir og verður það áfram til skoðunar, allavega ef fundað verður utan höfuðborgarsvæðisins. Upp kom sú hugmynd að tengja aðalfund málþingi eða ráðstefnu t.d. sem haldin verður í júní í Hörpunni en engin ákvörðun tekin. Hulda sagði frá alþjóðlegri ráðstefnu um „Læsi fullorðinna“ sem haldin var í desember sl. en þar voru kynntar niðurstöður alþjóðlegrar könnunar á læsi fullorðinna. Niðurstaðan í flestum löndum var að læsi í víðum skilningi er nátengd efnahagslegri stöðu og velferð. Ísland tók ekki þátt í þessari könnun og því kom upp sú hugmynd að fá fulltrúa frá Unesco, í samstarfi við aðra stærri aðila en Leikn, til að koma og kynna niðurstöður héraendis og þannig hvetja til samskonar úttektar á Íslandi. Hulda tók að sér að leita leiða til að nálgast þessa alþjóðlegu fulltrúa. Ákveðið að ræða síðar dagsetningar fyrir aðalfund.

3. Næsta fjarfræðsluerindi Leiknar

Fyrirhugað er að halda 3ja fjarfræðslufund Leiknar þriðjudaginn 4. febrúar. Umræðuefnið verður *Almenn starfshæfni* og mun starfsmaður frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins segja frá því hvernig grunnfærni hefur verið kortlögð í samstarfi við fjölmarga aðila og hvað er framundan til að skrá og votta þá hæfni. Hulda og Eyrún tóku að sér að minna á fundinn og ganga frá tæknimálum fjarsendingar.

4. Önnur mál

Ákveðið að vinna saman á netinu við að skipuleggja norræna fundinn og staðfesta dagsetningu næsta stjórnarfundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.30

Hulda A. Arnljótsdóttir